

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 19. janúar 2023

Heilbrigðisráðuneytið  
Skrifstofa sjúkrahúsa og sérþjónustu

**Efni: Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027, mál nr. 247/2022.**

Bændasamtökin taka heilshugar undir þau markmið sem sett eru fram í drögum þessum að tillögu að þingsályktun um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027.

Geðheilbrigðismál hafa verið talsvert til umræðu innan bændastéttarinnar síðustu misserin en á bæði Búgreinapingi og á Búnaðarþingi sl. voru voru atvinnutengdir sjúkdómar innan stéttarinnar til umræðu, m.a. kulnun og andleg veikindi. Í kjölfarið var samþykkt ályktun þar sem stjórn Bændasamtaka Íslands var hvött til að auka félagslegan stuðning og fræðslu um áhættuþætti í starfi bænda með það að markmiði að tryggja bændum aðgang að fræðslu og leiðbeiningum um forvarnir við andlegum sjúkdómum og viðbrögðum við áföllum. Einnig kom fram að mikilvægt væri að veita bændum hjargar til að þekkja merki streitu og andlegrar vanlíðunar sem sé stórt lýðheilsuáhrif. Þá var lagt til að samtökin hefðu frumkvæði að vitundarvakningu um þessi mál meðal bænda og aðstandenda en með því að fræða fjölskyldur og aðstandendur megi ná til fleiri aðila til þess að grípa sem flesta þegar andleg veikindi banka uppá.

Í framhaldi af þessu ákalli félagsmanna var staða stéttarinnar skoðuð nánar gagnvart geðheilbrigðismálum og kom fram í þeirri vinnu að vinnuumhverfi bænda er sérstaklega erfitt og krefjandi og því afar brýnt að efla forvarnir og auka þekkingu á því hvernig bæta megi aðstæður þeirra. Þannig þekki bændur ekki hugtök eins og styttingu vinnuvikunnar, helgar- eða sumarfrí. Lífsstíll og heimilislíf bænda er einnig samtvinnuð vinnu þeirra með löngum og óreglulegum vinnustundum. Afleysingaþjónusta bænda er afar takmörkuð og mikið traust er lagt á nánustu aðstandendur eða næsta nágranna svo einhverjir áhættuþættir séu nefndir.

Samstillt átak margra aðila þarf til að ná sem mestum árangri. Bændasamtök Íslands hafa þegar lagt grunninn að fræðsluáttaki sem nefnist Bændageð en samtökin telja afar mikilvægt að jafnframt séu til staðar úrræði í nærumhverfinu. Að auki sé mikilvægt að hluti af aðgerðaáætluninni sé að rannsaka stöðu hinna ýmsu hópa sérstaklega, sbr. til að mynda stöðu bændastéttarinnar, með það að markmiði að leggja til samstilltar aðgerðir sem nái til allra þátta geðheilbrigðis þessara hópa.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur